



Reykjavíkurborg

Umhverfissvið

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/461
komudagur 8.12.2005

2. desember 2005.

Vísað er til bréfs yðar dags. 15. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar vegna frv. til laga um br. á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Reykjavíkurborg hefur áður í umsögn sinni um varðandi breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum s.l. ár lagt áherslu á aðgengi íbúa að ákvarðanatökum og þá sérstaklega í umhverfismálum. Hefur verið gagnrýnt í umsögnum borgarinnar að þrengd væri kæruheimild íbúa varðandi ákvarðanir í umhverfismálum. Sú afstaða byggir á samþykktri umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar, en þar segir í kaflanum "Rödd borgarbúa":

"Íbúar borgarinnar, atvinnulíf og áhugahópar skulu hafa aðgang að upplýsingum og möguleika á þátttöku í ákvörðunum varðandi umhverfi sitt. Þátttaka almennings, áhugahópa og atvinnulífs verði almennt aukin í umhverfismálum." Í skýringum með þessum yfirlýsingum kemur fram, að það sé eitt af grundvallaratriðum nútímaumhverfisstefnu, að íbúar borgarinnar hafi möguleika á því, að taka þátt í stefnumótun og sjónarmið þeirra fái hljómgrunn. Með því aukist þátttökulýðræði samfélagsins og borgarbúar finni að tekið er mark á viðhorfum þeirra.

Umrætt frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um mat á umhverfisáhrifum er í samræmi við þá samþykktu stefnumörkun, sem lýst er hér að ofan.

Virðingarfyllst,

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri.

Afrit:

Ráðhús Reykjavíkur,
Stjórnsýslu- og starfsmannasvið
Lögfræðiskrifstofa.
101 Reykjavík.